

# Samningur Sjúkratrygginga og notanda

## vegna tengingar við upplýsingakerfi

### Sjúkratrygginga

#### 1. Efni samnings

1.1. Sjúkratryggingar, kt. 480408-0550, hafa veitt hér eftir nefnt notandi, aðgang að upplýsingakerfi Sjúkratrygginga. Með samningi þessum heimilar Sjúkratrygginga notanda að framkvæma fyrirspurnir í gagnagrunn kerfisins að uppfylltum þeim skilyrðum er greinir í samningi þessum.

#### 2. Heimild til fyrirspurna

Hakað skal í þá reiti er við eiga

##### 2.1. Aðgangur lyfjabúða

Starfsmönnum notanda er heimilt að gera fyrirspurn í gagnagrunninn um réttindastöðu vegna lyfjakostnaðar. Heimild þessi gildir því aðeins að viðskiptavinur notanda hafi óskað afgreiðslu á tilteknum lyfseðli sem hefur verið afhentur notanda eða er aðgengilegur gegnum lyfseðlagátt.

##### 2.2. Aðgangur heilbrigðisstarfsmanna

Starfsmönnum notanda er heimilt að gera fyrirspurn í gagnagrunninn um réttindastöðu í lækniþjónustu. Heimild þessi gildir því aðeins að viðskiptavinur notanda hafi óskað eftir þjónustu notanda.

##### 2.3. Aðgangur söluaðila næringarefna og einnota vara

Starfsmönnum notanda er heimilt að gera fyrirspurn í gagnagrunninn um greiðsluþátttöku vegna kaupa á næringarefnum eða einnota vörum. Heimild þessi gildir því aðeins að viðskiptavinur notanda hafi óskað afgreiðslu á tilteknum næringarefnum eða einnota vörum.

##### 2.4. Aðgangur þjálfunaraðila

Starfsmönnum notanda er heimilt að gera fyrirspurn í gagnagrunninn um greiðslustöðu vegna þjálfunar. Heimild þessi gildir því aðeins að viðskiptavinur notanda hafi komið til viðkomandi í þjálfun.

Að uppfylltum skilyrðum í greinum 2.1. – 2.4. mun Sjúkratrygginga veita notanda aðgang að rafrænum upplýsingum eftir því sem við á og heimildir leyfa, s.s. um stöðu sjúkratryggðra hvað varðar greiðsluþátttöku í lyfjakostnaði, tilvist afsláttarkorts, stöðu meðferða í þjálfun eða réttindi til úttekta á næringarefnum og einnota vörum.

#### 3. Skyldur notanda varðandi notkun og öryggi

3.1. Notanda er ljóst að fyrirspurn í gagnagrunninn kann að fela í sér vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi 8. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Notandi mun gæta fyllsta öryggis við vinnslu umræddra upplýsinga. Öll vinnsla upplýsinga er eiga uppruna í upplýsingakerfi Sjúkratrygginga skal ávallt vera í samræmi við heimild í samningi þessum og samrýmast öryggisreglum Sjúkratrygginga sem byggðar eru á staðlinum ÍST ISO 27001 og reglugerð nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Sér í lagi mun notandi gæta þess að framfylgja þeim fyrirmælum er fram koma í þessari grein 3 samnings þessa.

3.2. Notandi skal viðhafa sérstaka aðgát hvað varðar raunlægt öryggi tengdu húsnæði því þar sem útstöðvar tölvubúnaðar eru varðveittar. Þess skal gætt að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að húsnæðinu.

3.3. Notandi mun viðhafa ráðstafanir varðandi vírusvarnir þannig að tryggt sé að óviðkomandi aðilar geti ekki nálgast gögn frá Sjúkratryggingum með því að nota tölvubúnað notanda eða tölvubúnað er hann hefur aðgang að með samningum við aðra.

- 3.4. Þegar notandi heimilar starfsmönnum aðgang að gögnum á grundvelli samnings þessa mun hann láta þeim í té notendanafn og persónulegt aðgangsorð. Notandi skal áréttta við hvern einstakan starfsmann að aðgangur að gögnunum sé veittur með heimild í sérstökum samningi, brýna fyrir honum trúnaðarskyldu, að láta ekki öðrum í té aðgangsorð og að honum beri að varðveita það með tryggilegum hætti, notandi skal enn fremur gera starfsmanni grein fyrir afleiðingum og viðurlögum er brot gegn trúnaðarskyldunni kann að hafa í för með sér.
- 3.5. Notandi mun viðhafa sérstaka aðgát við að miðla upplýsingum úr gagnagrunninum til viðskiptamanns.
- 3.6. Notandi mun ekki vista á tölvubúnaði sínum eða á búnaði er hann hefur með öðrum hætti aðgang að nein gögn er hann nálgast með heimild í þessum samningi.
- 3.7. Notandi skal viðhafa stýringar sem tryggja rekjanleika aðgerða í upplýsingakerfi Sjúkratrygginga.

#### 4. Framkvæmd samnings

- 4.1. Aðilar skulu hvor um sig tilnefna tengilið sem skal annast samskipti við gagnaðila samningsins um málefni sem hann varða.

Tengiliður af hálfu Sjúkratrygginga: [thjalfun@sjukra.is](mailto:thjalfun@sjukra.is)

Tengiliður af hálfu notanda:

- 4.2. Notandi skuldbindur sig til að hlíta í hvívetna fyrirmælum Sjúkratrygginga um atriði er varða öryggi gagna er notandi hefur aðgang að á grundvelli samnings þessa. Slík fyrirmæli geta m.a. varðað einstök atriði við framkvæmd vinnslu eða öryggisráðstafanir er notanda ber að hlíta.
- 4.3. Sjúkratrygginga ábyrgist ekki hnökralausan aðgang að gagnagrunninum. Sjúkratrygginga mun vinna að því að tryggja áreiðanleika upplýsinga, en tekur enga ábyrgð á því ef upplýsingar úr grunninum reynast ekki réttar eða eru ófullkomnar að einhverju leyti.

#### 5. Trúnaður

- 5.1. Notandi og starfsmenn hans eru bundnir trúnaði um allar upplýsingar er þeir hafa aðgang að á grundvelli samnings þess. Þagnarskylda þessi helst eftir að samningstíma lýkur eða honum hefur verið sagt upp.
- 5.2. Í trúnaðarskyldu felst að notanda eða starfsmönnum hans er óheimilt að nýta upplýsingar um viðskiptamann í neinum öðrum tilgangi en í þágu viðskiptamanns. Óheimilt er með öllu að nýta upplýsingar í þágu starfsmanns, notanda eða annarra, utan viðskiptamanns.

#### 6. Viðurlög

- 6.1. Brjóti notandi gegn skilmálum samnings þessa að mati Sjúkratrygginga er Sjúkratryggingum heimilt að rifta samningi þessum án sérstaks fyrirvara.

#### 7. Lok samnings

- 7.1. Samningur þessi er uppsegjanlegur með 30 daga fyrirvara.

\_\_\_\_\_  
Staður og dags.

\_\_\_\_\_  
Staður og dags.

\_\_\_\_\_  
F.h. Sjúkratrygginga

\_\_\_\_\_  
F.h. notanda

\_\_\_\_\_  
Nafn, kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn, kennitala